
Markaðspunktar í dag:

- Hagvöxtur 2011

Hagvöxtur 2011

Hagstofan birti í morgun þjóðhagsreikninga fyrir árið 2011. Snemma árs í fyrra varð ljóst að árið 2011 yrði fyrsta ár hagvaxtar eftir hrun en strax á fyrsta ársfjórðungi varð kröftugur hagvöxtur milli ára. Nýjustu tölur Hagstofunnar benda til þess að hagvöxtur á árinu 2011 hafi verið 3,2% en á fjórða ársfjórðungi óx íslenska hagkerfið um 2,7% milli ára. Einkaneysla tók vel við sér á árinu sem leið en 4% vöxtur varð í neyslu Íslendinga milli ára sem leiddi af sér talsverða aukningu í innflutningi milli ára, eða 6,4%. Á sama tíma varð 3,2% vöxtur í útflutningi milli ára. Fjármunamyndun hefur einnig tekið við sér á ný, en 13% aukning varð í fjárfestingu milli ára. Fjárfesting er þó enn í sögulegu lágmarki og því ljóst að enn er langt í land ef koma á fjárfestingu í eðlilegt form sem gerir hagkerfinu kleift að vaxa á sjálfbæran hátt.




Heimild: Hagstofa Íslands


Þjónustugreinar helsti vaxtabroddur útflutnings

Annað árið í röð óx innflutningur meira en útflutningur milli ára, en aukin einkaneysla Íslendinga leikur þar vafalaust stórt hlutverk. Athygli vekur jafnframt að sú aukning sem hefur orðið í útflutningi frá hruni hefur að mestu leyti stafað af auknum útflutningi þjónustu, fremur en af auknum vöruútflutningi, eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan. Eins og oft hefur verið bent á eru stærstu vöruútflutningsgreinum landsins ákveðnar skorður settar þegar kemur að auknu framboði, en miklir vaxtarmöguleikar eru í þjónustugreinum landsins, þ.e. ferðaþjónustunni, sem hafa heldur betur vaxið á síðustu árum. Vexti í þjónustugreinunum má einna helst þakka að útflutningsvöxtur nær að halda í við innflutningvöxt.

Ef litið er á þá aukningu sem hefur orðið í innflutningi síðustu tvö ár virðist sem sú aukning sem varð í innflutningi í fyrra hafi ekki einungis stafað af auknum vöruinnflutningi heldur að jöfnu leyti af aukningu

í innflutningi þjónustu, þ.e. vegna utanlandsferða Íslendinga. Árið 2010 mátti jafnframt rekja um 70% af þeirri aukningu sem varð í innflutningi til innfluttrar þjónustu. Greiningardeild hefur áður vakið athygli á þeirri þróun sem hefur orðið í einkaneyslu Íslendinga erlendis, en sú neysla skilar sér ekki til íslenskra fyrirtækja og leiðir því ekki til aukinnar fjárfestingar innlendra fyrirtækja (sjá Skilar neyslan sér í innlendri fjárfestingu? .). Þróunin í vöru- og þjónustujöfnuði eftir hrun er því ákveðið áhyggjuefni í ljósi gjaldeyrisþurftar landsins en við stöndum frammi fyrir þungum endurgreiðsluferli erlendra lána.







Heimild: Hagstofa Íslands

Fjárfesting kemst loks á skrið – á þó langt í land

Þrátt fyrir hagvöxt milli ára og viðsnúning í fjárfestingu kemur fjárfestingin frá mjög lágum grunni. Fjárfesting í atvinnuvegum jókst þó í fyrsta skipti eftir hrun milli ára, um 26%, en samdráttur í fjárfestingu á vegum hins opinbera fjórða árið í röð dregur hlutfallslega aukningu í fjárfestingu niður. Að sama skapi virðist fasteignamarkaðurinn hafa tekið við sér, en aukin eftirspurn eftir fasteignum er vafalaust einn helsti drifkraftur 9% vaxtar í fjármunamyndun íbúðarhúsnæðis milli ára, fyrsta ár vaxtar eftir hrun. Talsverð aukning þarf þó að koma til bæði í fjárfesting í atvinnuvegum og íbúðarhúsnæði til að bæta upp það mikla hrun sem varð í fjárfestingu frá 2008. Mynd hér fyrir neðan sýnir að fjárfesting og undirliðir fjármunamyndunar eru, þrátt fyrir vöxt síðasta árs, enn langt undir sögulegu meðaltali. Einkaneyslan getur ekki teymt hagkerfið áfram til lengri tíma.





Heimild: Hagstofa Íslands

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is